

L Ö G

27

13. jan.

um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI

Stofnun váttryggingarfélaga.

1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll skip og báta, stór og smá, sem sigla undir íslenskum fána, innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

2. gr.

Fiskifélag Íslands gengst fyrir stofnun váttryggingarfélaga fyrir vélbáta í verstöðvum landsins. Takmörk hvers umdæmis ákveðast af Fiskifélaginu í samráði við skipaeigendur. Verði ágreiningur um takmörk umdæmanna, sker atvinnumálaráðuneytið úr, og er sá úrskurður bindandi fyrir alla hlutaðeigendur.

Til greiðslu kostnaðar við stofnun félaganna greiði skipaeigendur 1% af váttryggingarupphæð hvers skips í stofnsjóð, um leið og váttrygging fer fram í fyrsta sinn. Undanþegnir greiðslu þessari eru þeir skipaeigendur, er þegar eiga upphæð, sem nemur stofnsjóðsgjaldi, eða meiri, í stofnsjóði starfandi bátaábyrgðarfélags. Það, sem á kann að vanta að stofnkostnaðurinn sé að fullu greiddur, leggur ríkissjóður til eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir, og endurgreiða félögin ríkissjóði þannig útlagðan kostnað, eftir því sem stofnsjóður vex og leyfir.

Allir skipaeigendur skulu skyldir til að taka þátt í stofnun félaga þessara, innan þeirra takmarka, sem um getur í 3. gr. þessara laga.

Váttryggingarfélög þau, sem nú eru starfandi, skulu breyta lögum sínum í samræmi við lög þessi, og skulu þau síðan gilda sem lög fyrir þau. Skal bera félagslögin þannig breytt undir Samábyrgð Íslands á fiskiskipum til staðfestingar eða breytingar, eftir því sem hún telur þurfa til þess að þau samrýmist lögum þessum og reglugerðum, sem gefnar kunna að verða út samkvæmt þeim.

3. gr.

Allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta, opna eða með þilfari, sem eru allt að 70 smál. brúttó að stærð og aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir til að váttryggja alla vélbáta sína af nefndri stærð hjá félagi því, sem stofnað hefir verið samkv. 2. gr. laga þessara, innan þess umdæmis, sem báturinn er skrásettur í, og með þeim skilmálum, sem lög þessi og reglugerðir, sem settar kynnu að verða samkvæmt þeim, ákveða.

Neiti einhver skipeigandi, sem váttryggingarskyldur er samkvæmt lögum þessum, að váttryggja skip sitt, skal það samt sem áður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmanni hlutaðeigandi félags og váttryggjast sem önnur tryggingarskyld skip, og iðgjald innheimtast með lögtaki samkv. 31. gr., ef þörf krefur.

- 27 Heimilt er þó félögum þessum að taka skip til váttryggingar allt að 150 smál.
13. jan. brúttó að stærð (sbr. þó 5. gr.).

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með 300 000 kr., að félögin fullnægi skuldbindingum sínum. Geti þau ekki af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, sem þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, en þó aldrei meira en áður nefnda upphæð.

Ef eitthvert félaganna hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða tjónbætur, skal styrkur sá, er það hefir þegið af ríkissjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt, eftir því sem efni þess leyfa.

5. gr.

Félög þau, sem stofnuð verða samkv. lögum þessum, skulu endurtryggja að minnsta kosti helming þeirra upphæða, er þau taka ábyrgð á, hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Hæsta upphæð, sem félögin mega hafa í eigin ábyrgð á einu skipi, má þó eigi fara fram úr 20000 kr., og skulu upphæðir þær, er fara fram úr þessari upphæð eftir að helmingaskiptin hafa farið fram, einnig yfirfærðar til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og skal Samábyrgðinni skytt að taka við þeim. Félögin greiði Samábyrgðinni sömu iðgjöld af upphæðum þeim, sem þau yfirfæra til hennar, og þau sjálf taka.

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd verða Samábyrgðinni, skulu ákveðin með samningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

II. KAFLI

Stjórn félaganna.

6. gr.

Váttryggingarfélagum, sem stofnuð verða samkv. 2. gr. þessara laga, skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Er einn þeirra formaður og tveir meðstjórnendur. Stjórnarnefndina velja eigendur hinna váttryggðu skipa, og kys hún framkvæmdarstjóra.

Stjórnarnefndin skal kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn, og enn fremur 2 endurskoðendur til jafnlangs tíma. Stjórnarnefndarmenn og endurskoðendur má endurskoðsa. Á sama hátt skal kjósa 3 menn til vara í stjórn og 2 endurskoðendur. Þóknun til stjórnar og endurskoðenda ákveður aðalfundur.

Stjórnarnefnd hefir æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún hefir og daglegt eftirlit með rekstri félagsins, skipar skoðunar- og virðingarmenn og úrskurðar skaðabótagreiðslur. Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, ef um greiðslu hærri skaðabóta en 5000 króna er að ræða. Stjórnarnefndin skal halda fundabók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Framkvæmdarstjóri annast allan daglegan rekstur félagsins, gefur út og undirritar váttryggingarskirteini, innheimtir iðgjöld, annast reikningshald og hefir á hendi fjárvörzlu félagsins. Stjórnin ákveður þóknun til hans. Endurskoðendur skulu endurskoða reikninga félagsins, hver í sínu umdæmi, og hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar félaganna liggja frammi hjá framkvæmdarstjóra frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

7. gr.

Til að framkvæma skoðunar- og virðingargerð þá, sem um getur í 12. gr., skal stjórn félagsins skipa 2 skoðunar- og virðingarmenn fyrir hvert félag og 2 til vara.

Skal annar þeirra vera fróður um byggingu skipa og hinn vélfróður. Þeir skulu, 27
áður en skip er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega sundur- 13. jan.
liðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða og meta hvert það tjón, er vátryggt skip verður fyrir, áður en aðgerð á skipinu hefst, og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um mat sitt á tjóninu. Þeir skulu einnig skoða sömu skip eftir að aðgerð hefir farið fram og gefa skriflega skýrslu um, hvort þau eru komin í samt lag aftur eftir aðgerðina.

Til tryggingar því, að skilyrðum þeim, sem vátryggða eru sett, sé fullnægt, getur stjórnin skipað eftirlitsmenn, og ákveður hún þóknun til þeirra.

8. gr.

Aðalfund skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafund þegar stjórnin telur þess þörf, eða $\frac{1}{5}$ hluti skipaeigenda fer þess á leit. Til aðalfundar skal boðað með skriflegri eða símaðri tilkynningu til skipaeigenda, eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafund skal halda svo fljótt sem auðið er eftir að stjórn félagsins hefir fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og þriðja hvert ár kosin stjórn og endurskoðendur samkv. 6. gr.

Atkvæðisrétt á fundum hafa allir skipaeigendur, sem skip eiga í tryggingarfélaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 5000 krónur eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn fyrir sjálfan sig og aðra en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

Eitt atkvæði er fyrir hvert skip, þótt vátryggingarfjárhæð sé undir 5000 krónum.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum sameignarmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins, þegar vátrygging fer fram eða mannaskipti verða.

Eigi má fela utanfélagsmanni að fara með umboð félagsmanna á fundum, nema veðhafi sé í skipi, sem vátryggt er hjá félaginu.

Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða á fundinum. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði mætt er á þeim fundi.

Senda skal Samábyrgð Íslands á fiskiskipum afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert.

III. KAFLI

Reikningshald og sjóðir.

9. gr.

Tekjur félaganna eru þessar:

1. Iðgjöld hinna vátryggðu skipa.
2. Tillög skipaeigenda til stofnkostnaðar samkv. 2. gr.
3. Allar aðrar tekjur, er félögunum kunna að áskotnast.

Gjöld félaganna eru þessi:

1. Tjónbætur.
2. Rekstrarkostnaður.

- 27 3. Endurgreiðslur.
 13. jan. 4. Öll önnur gjöld.
 Sjóðir félaganna eru þessir:
1. Aðalsjóður. Í hann renna allar rekstrartekjur félaganna, og skal hann notaður til greiðslu á tjónbótum og öðrum rekstrarkostnaði.
 2. Varasjóður. Í hann renna 25% af tekjuafgangi hvers reikningsárs, og skal hann notaður til greiðslu á tekjuhalla félaganna, er verða kann. Af tekjuafgangi skal færa 75% til næsta árs.
 3. Stofnsjóður. Í hann renna stofnsjóðsgjöld samkv. 2. gr. Hann skal aðeins nota til greiðslu á stofnkostnaði félaganna samkv. 2. gr. Að öðru leyti má ekki skerða stofnsjóðinn. Þó skal heimilt að nota hann til greiðslu á tekjuhalla, ef varasjóður hrekkur ekki til þessa, en endurgreiða skal stofnsjóði það, er þannig er tekið úr honum, svo fljótt sem ástæður félaganna leyfa það.

10. gr.

Eignir félaganna skal ávaxta í islenzkum bönkum eða sparisjóðum, sem ráðherra samþykkir.

11. gr.

Í reikningum félaganna ár hvert skal færa til skuldar ógreiddar tjónbætur, eftir því sem stjórnir félaganna telja nauðsynlegt, til vara fyrir óbættum tjónum, og telja þá upphæð til tekna í næsta ársreikningi þar á eftir.

IV. KAFLI

Um váttryggingu skipanna.

12. gr.

Áður en skip er váttryggt, skal það skoðað og metið af þar til skipuðum skoðunar- og matsmönnum, en þeir skulu skipaðir af stjórn hlutaðeigandi félags.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt áður en skipið verður tekið í trygginguna. Skoðunarmenn skulu láta álit sitt og mat í ljós skriflega á þar til ætluð eyðublöð. Þóknun skoðunarmanna ákveður stjórn félagsins, og greiðist þóknunin af hlutaðeigandi skipseiganda.

Skoðun skips gildir til tveggja ára í senn. Þó er stjórninni heimilt að láta skoðun fara fram hvenær sem henni þykir ástæða til. Öll áhöld, sem eru á skipsfjöl, að undanteknum matvælum, málningu, olíum, sjóúrum, sjókortum og bókum, skal telja með í virðingarupphæð skipanna.

Nú er skipseigandi óánægður með skoðun og mat á skipi, og er honum þá heimilt að bera mál sitt upp við stjórn félagsins, og sker hún úr um skoðunina og matið.

Váttryggja skal $\frac{1}{10}$ hluta virðingarverðs hvers skips. Félagið ber ávallt „fyrstu áhættu“ á hverju einstöku eignatjóni. Þann $\frac{1}{10}$ hluta, sem þá verður eftir, má hvergi váttryggja.

Stjórn félagsins gefur út váttryggingarskirteini fyrir hvern bát um sig, til eins árs í senn.

Nú þykir samábyrgðinni einhver skoðunar- og matsgerð eigi framkvæmd sem skyldi, og getur hún þá krafizt yfirskoðunar og yfirmats dómkvaddra manna.

Hún getur og látið fara fram yfirmat á skipum yfirleitt, sem endurtryggð eru hjá henni, ef henni þykir ósamræmi í matinu hjá hinum einstöku váttryggingarfélögum í landinu.

13. gr.

Nú verða eigandaskipti að skipi og hinn nýi eigandi flytur skipið í annað váttryggingarumdæmi; skal þá félag það, er skipið var váttryggt hjá, flytja tryggingu

una í félag þess umdæmis. er skipið flyzt til, enda fær hið síðarnefnda félag váttrygg- 27
ingariðgjaldið frá þeim degi, er skipið kemur í þess umdæmi, og tekur um leið við 13. jan.
áhættunni.

V. KAFLI

Um sjótjón.

14. gr.

Þar sem annað er ekki ákveðið í lögum þessum, reglugerð, sem út kann að verða gefin, eða váttryggingarskírteinum, bætir félagið tjón það, sem verður af sérhverri þeirri áhættu, sem skip lendir í á váttryggingartímabilinu. Félagið greiðir þannig tjón, sem verður af völdum storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, elds, eldingar, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, ásiglingar eða sjóráns.

Það hefir engin áhrif á skaðabótaskyldu félagsins, þótt svo kunni að standa á, að tjónbóta verði krafist af þriðja aðila, og eigi heldur þótt skipstjóri eða skipshöfn hafi valdið tjóninu (sbr. þó 26. gr.),

Hvert sinn, sem skip verður fyrir bótaskyldu slysi, skal það skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags, eða sé skipið statt utan takmarka váttryggingarsvæðis síns, af þeim mönnum, er stjórn félagsins útnefnir, áður en aðgerð á biluninni hefst. Skipaeigendur annast sjálfir um aðgerð skipa sinna.

15. gr.

Þegar greiddar eru tjónbætur fyrir viðgerð á skipi, skal ávallt draga frá viðgerðarkostnaðinum eða matsverði sem hér segir:

Frá tjónbótum fyrir skip, sem er:

- 10 rúmlesta eða minni, 200 krónur.
- 10 til 20 rúmlesta, 350 krónur.
- Yfir 20 rúmlesta, 500 krónur.

Verði aðgerð á tjóni, sem váttryggt skip hefir orðið fyrir, frestað án samþykkis félagsstjórnarinnar, bætist ekki sá tjónauki, sem af drættinum kann að hafa hlotið.

16. gr.

Tjón á vélum, ásamt ásum og skrúfum eða öðrum útbúnaði, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu, sem ekki stafar frá vélinni.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

17. gr.

Tjón á seglum, ábreiðum, köðlum, reiða og öðrum lausum áhöldum, útbúnaði í herbergjum skipverjanna, þó ekki á föstum tré- eða málmhlutum, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins eða áhalda þess á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

18. gr.

Váttryggður hefir rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, þegar:

1. Skipið týnist algerlega.
2. Skipið sekkur, strandar eða á annan hátt verður fyrir tjóni, þannig að ekki

27
13. jan.

telst hægt að bjarga því né endurbæta það á staðnum eða flytja það á annan stað til viðgerðar.

3. Skipið er löglega dæmt óbætandi, þ. e. hefir orðið fyrir svo miklum skemmdum vegna sjóttjóns, að aðgerð á því borgar sig ekki, þar eð kostnaðurinn við aðgerð á skemmdunum fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi, að frádregnu verði þess óviðgerðs.

Greiði félagið bætur fyrir algerðan skiptapa, ber því hlutfallslegur hluti af andvirði þess, er inn kann að koma fyrir leifar þess, miðað við þann hluta virðingarverðsins, sem félagið hefir tekið ábyrgð á.

Félögin skulu þó ávallt hafa rétt til, ef skip verður fyrir ónýtingardómi á þennan hátt, að gera við skipið á sinn kostnað og skila eiganda því í skoðunarfæru standi.

Nú sekkur skip, strandar eða verður fyrir öðru tjóni, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. þessarar greinar, og váttryggjandi vill eigi að síður reyna björgun á því á eigin ábyrgð og gerir slíka tilraun án þess að óþarfur dráttur verði á, og á þá váttryggður því aðeins rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, að björgun skipsins sé ekki lokið í síðasta lagi 10 mánuðum eftir að áfallið varð, eða björgunartilraunum sé áður hætt.

19. gr.

Nú hefir ekki spurzt til skips í 3 mánuði frá því það lagði síðast úr höfn til fiskveiða hér við land, og skal þá líta svo á, að það hafi farizt algerlega, og skal greiða bætur fyrir það sem algerlega tapað. Sé skipið í utanlandssiglingum, lengist þessi frestur í 6 mánuði.

Nú er skip yfirgefið af áhöfn úti í rúmsjó og því hefir ekki verið bjargað innan 3 mánaða frá því að það var yfirgefið, og á váttryggður þá kröfu til bóta sem um algerðan skiptapa væri að ræða.

20. gr.

Bætur, sem váttryggður hefir orðið að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri (þegar skipið eða áhöld þess hafa rekizt á annan fastan eða fljótandi hlut), ennfremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag vegna þess, greiðir félagið, en þó eigi fram yfir það, sem váttryggingarfjárhæð skipsins hrekkur til. Bætur fyrir tjón á lífi manna eða fyrir meiðsli eru váttryggingarfélögunum óviðkomandi.

21. gr.

Sameiginlegt sjóttjón (havari grosse) skal leitt til lykta samkvæmt York-Antwerpen-ákvæðunum frá 1924.

22. gr.

Þetta skal ekki bæta sem sjóttjón:

1. Tjón, sem verður vegna þess, að skip var, þegar það lagði síðast úr höfn, ekki sjófært, hæfilega útbúið, mannað og lestað, nema ætla meg, að váttryggður hafi ekki vitað eða hlotið að sjá, að ábótavant var.
2. Tjón, sem verður vegna þess, að skipið hefir ekki verið í gildu ástandi þegar því var lagt upp, eða ekki frá því gengið svo sem vera bar eða haft undir nægilegu eftirliti, nema váttryggða verði ekki gefin sök á því.
3. Tjón, sem verður á skipi, sem með vitund váttryggða liggur mannlaust við bryggju eða hafnarvirki.
4. Tjón, sem verður meðan áfallið iðgjald er ekki greitt (sbr. þó 31. gr. 3. málsg.).
5. Tjón á áhöldum eða skipshluta, sem orsakast af almennri notkun hlutaðeigandi skipshluta eða áhalds.

6. Tjón, sem orsakast af hernaði, borgarastyrjöld eða þess háttar.

27

Ef tjón verður vegna smíðis eða efnisgalla, verður tjón á hlutum þeim, sem gallinn er í, ekki bætt. 13. jan.

Ef tjón verður vegna slits, fúa, ryðs, tæringar, maðkskemmda, rottu, músa eða af öðrum slíkum orsökum, verður tjón á þeim hlutum, sem áður nefndar orsakir hafa valdið, ekki bætt.

23. gr.

Nú verður skip fyrir einhverri bilun á vél eða útbúnaði og hefir þess vegna begið hjálp hjá öðrum, og skal þá þóknun fyrir slíka hjálp greidd af váttryggingarfélaginu í hlutfalli við váttryggingarupphæðina, að fráðregnum 10%.

Öll skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum eða af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags eða, ef málsaðiljar verða ásáttir um, af gerðardómi samkvæmt 33. gr. laga þessara. Þóknunina skal ávallt miða við það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefir bakað þeim, er hana veitti, og aldrei getur hún orðið hærri en váttryggingarfjárhæð skips þess, sem hjálpina þáði, nemur.

24. gr.

Þegar gert er við skip, sem orðið hefir fyrir tjóni, sem váttryggjendum ber að greiða, greiðir félagið ekki þann aukakostnað, sem stafar af yfir- eða helgidagavinnu, nema að svo miklu leyti sem við þá vinnu sparast önnur útgjöld fyrir váttryggjendur.

Leifar skips, sem farizt hefir eða dæmt hefir verið ónýtt, svo og verð braks, sem rifið er úr skipi, sem gert er við á kostnað váttryggjanda, er eign váttryggjanda að rétttri tiltölu við virðingarupphæð þess, sem váttryggt er.

25. gr.

Opnir vélbátar eru allir þeir vélbátar, sem ekki eru með fullu þílfari. Fyrir þá gilda þessi ákvæði sérstaklega:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti greiðist aðeins, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af skoðunarmönnum og matsmönnum félagsins.

Þó skal félagið ávallt greiða að sínum hluta kostnað við björgun á opnum vélbáti, sem orðið hefir fyrir áfalli, og skaða, er hlýzt af nauðlendingu, enda fari kostnaðurinn ekki fram úr váttryggingarfjárhæðinni.

Þar sem því verður við komið vegna staðhátta og annars, getur stjórn félagsins krafizt þess, að opnir vélbátar séu settir á land eftir hverja notkun í sjóferð. Hafi félagsstjórn krafizt þessa, verða engar bætur greiddar fyrir tjón, sem af því kann að leiða, að út af er brugðið.

26. gr.

Nú sannast það, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða í sviksamlegum tilgangi valdið tjóninu, og má þá draga allt að því 20% af skaðabótafénu, enda þótt váttryggðum annars hefðu borið fullar bætur. Hafi váttryggður sjálfur í sviksamlegum tilgangi tvítryggt hið sama, eða hafi hann gerzt valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir hirðuleysi, er félagið laust allra mála um skaðabótaskyldu gagnvart honum.

Hinsvegar skal félaginu ávallt skylt að greiða svo mikið af skaðabótafénu, sem þarf til að greiða lán, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum, enda skerða ákvæði laga þessara um niðurfall skaðabótaskyldu váttryggingarféлага, að einhverju eða öllu leyti, í einstökum tilfellum, aldrei rétt veðhafa til innheimtu váttryggingarfjárins hjá félaginu.

27 Skaðabætur greiðast þó aldrei, ef tjón verður af þeim orsökum, er greinir í 22.
13. jan. gr. 5. og 6. tölulið.

Félagið á ætíð endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er samkvæmt fyrri hluta þessarar greinar.

27. gr.

Öll skjöl og reikninga snertandi tjón og aðgerð á skipi skal þegar að aðgerðinni lokinni afhenda hlutaðeigandi félagi. Skal tjónið þá gert upp innan eins mánaðar frá afhendingu skjalanna. Félagið og skipseigandi koma sér saman um það, hversu aðgerð skuli hagað, og greiða kostnaðinn í hlutfalli við áhættu sína.

Aðgerðarreikningar eða aðrar kröfur vegna sjóttjóns, sem ekki eru komnar í hendur stjórnar félagsins áður en 1 mánuður er liðinn frá því að aðgerðinni er lokið, eða ef um tjón án aðgerðar, svo sem dráttarhjálp eða annað því um líkt, er að ræða, verða ekki teknar til greina, nema sannað sé fyrir stjórn félagsins, að gildar ástæður séu að hennar dómi fyrir þeim drætti, sem orðið hefir á því að gera kröfu.

Afrit af tjónbótaniðurfjöfnun skal ávallt senda Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

VI. KAFLI

Skyldur vátryggða.

28. gr.

Þegar vátryggt skip verður fyrir tjóni, sem bótaskyld er samkvæmt lögum þessum, skal eigandi skipsins, eða formaður þess í hans stað, þegar í stað tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi félagsstjórnar og gefa nákvæma skýrslu um atvikin. Skýrslan skal rituð á þar til gerð skýrsluform, er Samábyrgð Íslands á fiskiskipum semur og lætur vátryggjendum í té.

Tjón, sem ekki hefir verið tilkynnt innan hálf mánaðar frá því er það vildi til, getur félagsstjórnin neitað að taka til greina, nema sannað sé fyrir henni, að óviðráðanlegar orsakir séu til dráttarins.

29. gr.

Skyld er bæði skipstjóra og útgerðarmönnum að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr tjóni, svo að það verði sem allra minnst. Þeim ber að hlíta þeim ráðstöfunum, sem stjórn félagsins kann að gera í því skyni.

Á vátryggðum hvílir skylda til þess að færa sönnur á tjónið og hve miklu það hefir numið.

30. gr.

Skipstjórar á hinum vátryggðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir stjórna, og í þeim siglingum, er þau ganga. Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laganna um útbúnað, áhöfn, ljós- og bendingarfæri o. fl.

Hvert það skip, sem hefir mótur í lokuðu rúmi, skal hafa meðferðis öflugt slökkvitól, sem tekið er gilt af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og skal það haft einhversstaðar fyrir utan vélarrúmið, þar sem auðvelt er að ná til þess. Í vélarrúmi mega ekki vera nein þau tæki, sem eldur er notaður við, að undanteknum lömpum þeim, sem nauðsynlegt er að hafa við rekstur og gæzlu mótorsins.

VII. KAFLI

Um iðgjöld og iðgjaldaendurgreiðslu.

27

13. jan.

31. gr.

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af atvinnumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og starfandi vélbátavátryggingarfélagi.

Þar sem sérstaklega stendur á að dómi atvinnumálaráðuneytisins og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, skal heimilt að ákveða iðgjöldin með hliðsjón af því áhættuvæði, sem skipinu er ætlað að vera í förum um.

Vátryggingarfélag hefir lögveð í skipi fyrir skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum, þó eigi fyrir lengra tímabil en eitt ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Vátryggingin gengur í gildi þegar er áskilið iðgjald og stofnsjóðsgjald er ákveðið, og eiga félögin kröfu á að fá greitt iðgjald fyrir vátryggt skip frá þeim tíma, er beðið var um vátrygginguna.

32. gr.

Endurgreiða skal iðgjald fyrir skip, sem staðið hefir í landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem stjórn félagsins telur gildan, ef slík landstaða eða hafnlega hefir varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt. Ef tjónbætur á vátryggingarárinu fara fram úr helmingi hins greidda iðgjalds, fellur endurgreiðsla niður fyrir það vátryggingarár.

Endurgreiðslu þessa skal reikna hlutfallslega af hinu greidda ársiðgjaldi.

Vottorð tveggja manna, sem stjórn félagsins tekur gilda, um uppistöðu eða hafnlegu þá, er hér um ræðir, skal afhenda stjórn félagsins og er skilyrði fyrir, að endurgreiðsla verði lätin af hendi.

Skipin eru þó ávallt tryggð fyrir venjulegri hafnaráhættu (revier), þegar þau „liggja uppi“, en fyrir þá áhættu skal greiða iðgjald eins og ákveðið verður í iðgjaldaskránni.

VIII. KAFLI

Ýms ákvæði.

33. gr.

Ágreining milli félaganna og skipaeigenda má leggja í gerð. Í gerðardóminn kveður hvor málsaðili einn mann, en héraðsdómari í því héraði, þar sem félögin eiga heima, skipar oddamann.

Ágreining milli félaganna og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum má leggja í gerð á sama hátt, en þá skipar atvinnumálaráðherra sem oddamann einn af dómurunum í hæstarétti.

Gerðardómurinn skal háður þar, sem hlutaðeigandi félag á lögheimili, en sé Samábyrgð Íslands á fiskiskipum annar aðili, skal gerðardómurinn háður í Reykjavík.

Ef gerðardómsmenn verða ekki á eitt sáttir, ræður atkvæði oddamanns úrslitum.

Nú hefir annarhvor málsaðilja ekki kvatt mann í gerðardóminn og tilkynnt það, svo sannanlegt sé, hinum málsaðilja 30 dögum eftir að sannanlegt er, að hann hafi fengið vitneskju um kvaðningu andstæðings síns, og skal þá héraðsdómari í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðardómurinn er háður, skipa gerðardómsmann í hans stað.

Nú hefir ágreiningurinn ekki getað orðið útkljáður vegna vanrækslu annars gerðardómsmanna 30 dögum eftir að hann var nefndur í dóminn, og á þá hinn

27 gerðardómsmaðurinn rétt á að gera út um málið ásamt oddamanninum, og ræður
13. jan. þá atkvæði oddamanns úrslitum, ef þeir verða eigi á eitt sáttir. Oddamaður sker
úr því, hvort gerðardómsmaður hafi gert sig sekan í vanrækslu.

Í gerðardómnum skal það og ákveðið, hvort málskostnaður skuli að öllu eða
nokkru leyti falla á annan málsaðilja eða hvernig skuli skipta honum milli máls-
aðilja.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

34. gr.

Þegar váttryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til váttryggingar-
fjárins. Þegar váttryggingarfé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka,
hverjir hafi veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

35. gr.

Ef félögin leggjast niður, skal eignum þeirra varið í þarfir hlutaðeigandi héraðs,
eftir tillögum bæjarstjórnar eða sýslunefndar, enda komi samþykki atvinnumála-
ráðuneytisins til.

36. gr.

Váttryggingarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin gjöld-
um til bæjar- og sveitarsjóða, svo og undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs.

37. gr.

Í tilfellum, sem engin ákvæði eru sett um í lögum þessum, skal farið eftir regl-
um þeim og venjum, sem á hverjum tíma gilda um samskonar tilfelli hjá Samábyrgð
Íslands á fiskiskipum.

38. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20 9. jan. 1935, um váttryggingar
opinna vélbáta, svo og önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1938.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau innlend váttryggingarfélög, sem starfað hafa 50 ár eða lengur þegar lög
þessi öðlast gildi, skulu undanþegin skyldutryggingum samkvæmt lögum þessum í
3 ár frá gildistöku laganna, enda hafi þau sent Fiskifélagi Íslands tilmæli um undan-
þágu frá lögnum eigi síðar en 15. ágúst 1938.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.